



Morgunblaðið, 30.04.2021, síðu 40
grein stærð: 68.96 sm²
grein hæð: 8.81 sm



Ferðagarður Errós á viðamikilli sýningu í Listasafninu á Akureyri

„Ferðagarðurinn Erró“ er heiti sýningar með verkum listamannsins sem verður opnuð í Listasafninu á Akureyri á morgun, laugardag, frá kl. 12 til 17. Á sýningunni má sjá verk sem tengjast ferðalögum. Hvert sem hann fer sankar Erró að sér hundruðum mynda og nýtir í samklippuverk sem smám saman verða að málverki en hugmyndin um ferðalög og tilfærslur birtist í mörgum verkum hans á ferlinum. Verkin á sýningunni eru hluti af Erró-safneign Listasafns Reykjavíkur og sýningarstjóri er Danielle Kvaran, Erró-sérfræðingur safnsins.